

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2005030049
1603; 9310

Reykjavík, 6. maí 2005
/--

Efni: Sjóvarnir við Kasttanga, frá Kasttanga að Grund, við Akrakot og í Helguvík , Sveitarfélaginu Álftanesi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 7. janúar 2005 þar sem Skipulagsstofnun eru tilkynntar sjóvarnir við Kasttanga, frá Kasttanga að Grund og við Akrakot í Helguvík í Sveitarfélaginu Álftanesi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Álftaness, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Álftanesi með bréfi dags. 12. apríl 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27. apríl 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. apríl 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Siglingastofnun með bréfi dags. 3. maí 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar sjóvarnir séu liðir í vörn gegn landbroti. Um sé að ræða 285 m langa sjóvörn við Kasttanga og efnisþörf verði um 3.000 m³, endurbætur á um 300 m langri sjóvörn milli Kasttanga og Grund og efnisþörf verði um 4.800 m³, 100 m langa endurbyggingu sjóvarnar sunnan við sjómerki við Akrakot og efnismagn verði um 300 m³ og 180 m langa sjóvörn í vesturhluta Helguvíkur og efnismagn verði um 3.100 m³. Fram kemur að gerðar séu kröfur um gæði grjóts en ekki sé krafist að verkkaupi útvegi námurétt.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Sveitarfélagsins Álftaness, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin hafi umtalsverð

umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á útivist og lífríki. Umhverfisstofnun bendir á að við Kasttanga muni sjóvörnin koma í efsta hluta fjörunnar og leggur Umhverfisstofnun áherslu á að við gerð sjóvarna á norðanverðu Álftanesi verði þess gætt að sjóvarnirnar hindri ekki umferð fólks um fjöruna né torveldi aðgang að fjörunni þar sem möguleikar séu til útivistar neðan sjóvarna. Umhverfisstofnun telur að ekki ætti að raska sandfjöru neðan núverandi sjóvarna frekar frá Kasttanga að Grund og sunnan við sjómerki Akrakoti.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði frá Kasttanga að Grund sé hlaðinn grjótgarður sem sé nokkuð siginn en vel sýnilegur. Fram kemur að huga þurfi að því að ekki verði skemmdir á garðinum við fyrirhugaða framkvæmdir. Fornleifavernd ríkisins bendir á að við vesturhluta Helguvíkur séu nokkuð af hleðslum í og við sjávarkambinn. Norðan Haukahúsins sé hleðslugarður og garðlag upp tún að húsinu Sviðsholti. Niður af Sviðsholti séu hleðslur skotbyrgis og veggur. Norðan skotbyrgisins sé óreglulegur eldri sjóvarnargarður sem sé hruninn og frá suðurenda sjóvarnargarðsins liggja garðlag í sveig til austurs. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við stofnunina áður en framkvæmdir hefjast við sjóvarnir við Kasttanga að Grund og við vesturhluta Helguvíkur.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að leitast verðið við að koma til móts við sjónarmið umsagnaraðila og að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvarnir við Kasttanga, frá Kasttanga að Grund, við Akrakot og í vesturhluta Helguvíkur í Sveitarfélaginu Álftanesi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd tekur til afmarkaðs svæðis og eru að mestu ofan fjöruborðs. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um mikilvægi þess að fólk hafi möguleika til útivistar í fjörunni og því þurfi að gæta þess að sjóvarnirnar hindri ekki umferð fólks að eða um fjöruna. Ennfremur telur Skipulagsstofnun að halda skuli raski á sandfjöru neðan núverandi sjóvarna milli Kasttanga og Grundar og sunnan við sjómerki við Akrakot í lágmarki. Skipulagsstofnun bendir á að til að koma í veg fyrir skemmdir á menningarminjum vegna framkvæmdanna er nauðsynlegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast við Kasttanga að Grund og við vesturhluta Helguvíkur. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar hafi óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Siglingastofnunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Siglingastofnunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir við Kasttanga, frá Kasttanga að Grund, við Akrakot og í vesturhluta Helguvíkur í Sveitarfélaginu Álftanesi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á

umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi S veitarfélagsins Álftaness skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 10. júní 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Álftanes, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun.